

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2013

2013/EES/61/33

frá 3. maí 2013

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 311/2012 frá 21. desember 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar þætti tengda lýsingum og auglýsingum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 486/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 809/2004 að því er varðar framsetningu og innihald lýsingar, grunnlýsingar, samantektar og endanlegra skilmála og að því er varðar upplýsingaskyldu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 862/2012 frá 4. júní 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 809/2004 að því er varðar upplýsingar um samþykki fyrir notkun lýsingarinnar, upplýsingar um undirliggjandi vísitölur og kröfuna um skýrslu frá óháðum skoðunarmönnum eða endurskoðendum ⁽³⁾.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 29ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004) í IX. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32012 R 0311**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 311/2012 frá 21. desember 2011 (Stjtið. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 13),
- **32012 R 0486**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 486/2012 frá 30. mars 2012 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2012, bls. 1),
- **32012 R 0862**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 862/2012 frá 4. júní 2012 (Stjtið. ESB L 256, 22.9.2012, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 311/2012, (ESB) nr. 486/2012 og (ESB) nr. 862/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 150, 9.6.2012, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 256, 22.9.2012, bls. 4.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

Sameiginleg yfirlýsings samningsaðila

vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2013 frá 3. maí 2013 um að fella inn í EES-samninginn framseldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 311/2012, (ESB) nr. 486/2012 og (ESB) nr. 862/2012

„Framseldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 311/2012 og (ESB) nr. 486/2012 heimila útgefendum þriðja lands að leggja fram sögulegar fjárhagsupplýsingar sínar í samræmi við þá reiknings-skilastaðla sem tilgreindir eru í þeim. Reglugerðir þessar eru felldar inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið samningsins að því er varðar samskipti við þriðju lönd.“